

LÖG

**um breytingu á iðnaðarlögum,
nr. 42/1978, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Lögreglustjóri, þar sem aðili á lögheimili, lætur af hendi meistarabréf og iðnaðarleyfi.

b. 3. mgr. orðast svo:

Iðnaðarráðherra gefur út sveinsbréf. Hann getur falið öðrum að gefa bréfin út að fullnægðum skilyrðum laga.

2. gr.

14. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum nr. 64/1934, um viðauka við lög nr. 29 8. nóvember 1895, um hagfræðiskýrslur: Orðin „í samráði við iðnráð Reykjavíkur“ í niðurlagi 1. gr. falla brott.

*Gjört í Reykjavík, 15. febrúar 2002.***Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsetisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 15. febrúar 2002.***Davíð Oddsson.**

Ólafur Davíðsson.